

Stjórnarfundur UMSB

04.03.2014 – kl. 20.00

Skrifstofa UMSB, Borgarnesi

Mætt: Kristín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Aðalsteinn Símonarson, Ásgeir Ásgeirsson, Þórhildur María Kristinsdóttir og Pálmi Blængson

Dagskrá fundar:

- Formaður setur fundinn
- Fundargerð síðasta fundar lesinn upp.
Samþykkt
- Sambandsþing UMSB

Tillögur stjórnar

Rætt hvernig tillögurnar verða settar fram og hvaða útskýringar þurfa að fylgja hverri tillögu fyrir sig. Tillaga 11, athugasemd varðandi framsetningu, setja þarf skýrari upplýsingar um hvað felst í tillögunni, fá umræður á þinginu um tillöguna og sjá hvernig hún þróast. Aðrar tillögur ræddar.

Uppstillingarnefnd

Það vantar tvo varamenn í stjórn. Sigurður athuga^r með Jón Eirík Einarsson í Mófellstaðarkoti, hvort hann gefi kost á sér áfram sem varamaður í stjórn.

Fjárhagsáætlun UMSB

Pálmi kynnir fjárhagsáætlun fyrir 2014 og 2015, samþykkt að leggja hana fyrir sambandsþingið.

Ársreikningar UMSB

Sigurður kynnti breytingar á ársreikningi frá vinnufundi 19. febr. vegna athugasemdar frá skoðunarmönnum reikninga, breytingarnar eru vegna sölu húsnæðis.

Endanlegur ársreikningur er þá tilbúinn fyrir sambandsþing.

Ábending frá Aðalsteini varðandi uppsetningu á styrkjum og lottó í ársreikningum um að hafa það eins tekju og gjaldamegin. Hafa þetta í huga fyrir næsta ársreikning. Aðalsteinn bendir einnig á mikla aukningu á milli ára í greiðslu á vaxtagjöldum. Skýringin er dráttarvextir vegna þess að staðgreiðslu launa var skilað of seint tvisvar á árinu og svo fjármagnstekjuskattur af bankareikningi.

Þinggögn, útprentanir o.fl.

Rætt um þinggögn og hvað þarf fyrir fundinn. Ákveðið að prenta út 50 stk. af árskýrslu. Tillögur, dagskrá og fjárhagsáætlanir prentaðar út fyrir fundarmenn. Hafa samband við Skessuhorn um að bjóða þeim að senda blaðamann á þingið vegna undirritunar samnings milli UMSB og KPMG.

- Önnur mál.

Pálmi segir okkur fá heimsókn frá ÍA, en þeir vildu fá að koma á þing og heyra umræður um samning UMSB við sveitafélagið og það að sjálfsgöðu samþykkt.

Heimsókn Skallagrímsmanna vegna kjörs á íþróttamanni ársins. Sigurður segir okkur frá fundi með aðalstjórn Skallagríms þar sem Sigríður Bjarnadóttir og Ívar Örn Reynisson komu fyrir hönd Skallagríms. Höfðu þau svipaðar athugasemdir um fyrirkomulag á kjöri á íþróttamanni ársins og stjórn UMSB hafði áður rætt sín á milli. Þyrfti að vera sér atburður allra félaga. Umræða um hvaða íþróttamenn eiga að vera kjörgengnir s.s. þeir sem hafa bara búsetu hér en æfa ekki með félagi í héraði. Aðalsteinn vísar í reglur um kjörið og hvernig þessum skilyrðum er háttað í reglunum. Rætt um að skoða þessi mál á næsta formannafundi og finna einhvern góðan flöt á þessum málum.

Heimasíða og búningar. Heimasíðan á lokametrinum og verið að laga síðustu hnökra, ákveðið að sýna hana ekki á þinginu en fara með nýja utanyfirgalla á þingið til sýnis.

Lagt fram bréf frá UMFÍ þar sem óskað er eftir umsóknum um að halda Landsmót 50+ árið 2016 og unglingslandsmót 2017. Ákveðið að sækja ekki um þessi mót, heldur bíða eftir auglýsingu um Landsmótið 2017 og sækja þá um að fá að halda það á okkar forsendum í samstarfi með félögum úr Sam Vest samstarfinu.

- Næstu stjórnarfundir.
Stjórnarfundur 18 mars.
Fundargerð ritaði Þórhildur María Kristinsdóttir.